



# HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



## Ársskýrsla

### 2016



Ársskýrsla 2016

Útg. 9. maí 2017

Umsjón: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

Uppsetning og frágangur: Guðrún Björk Friðriksdóttir, verkefnastjóri

Háskólinn á Bifröst

---

## Efnisyfirlit

Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2016.....	1
Aðalfundur.....	3
Yfirlýsing Gæðaráðs íslenskra háskóla um traust á Háskólanum á Bifröst.....	3
Skýrsla starfshóps um skipulag Háskólans á Bifröst.....	4
Einfalt skipulag.....	4
Rektor.....	4
Stjórnendahópur skólans.....	4
Deildir.....	4
Stjórn skólans.....	4
Háskólaráð.....	4
Háskólafundur.....	4
Rannsóknarráð.....	4
Nemendur.....	4
Málsmeðferð nemendaerinda.....	4
Kjarni akademískrar starfsemi verði í deildum skólans.....	5
Breytt reglugerð Háskólans á Bifröst.....	5
Fulltrúaráð.....	5
Stjórn skólans.....	6
Stjórn Háskólans á Bifröst.....	7
Háskólaráð.....	7
Fagráð.....	8
Kennslu- og rannsóknarráð.....	8
Gæðaráð.....	8
Gæðastefna Háskólans á Bifröst.....	9
Jafnréttisnefnd.....	9
Kennsluvið.....	10
Félagsvísindadeild.....	11
Aðsókn í meistaranám með ágætum.....	11
Mikil rannsóknarvirkni.....	11
Viðskiptadeild.....	12
Vísindaping um þjónandi forystu.....	12
Fulbright gestakennari.....	13
eNorbalt – hagkerfi internetsins skoðað.....	13
Akademískir starfsmenn sviðsins sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu.....	13
Lagadeild.....	14
Fjarnám í lögfræði.....	14
MBL nám í viðskiptalögfræði.....	14
Breytt fyrirkomulag kennslu í meistaranámi.....	15
Samstarf við erlenda háskóla.....	15
LAW WITHOUT WALLS.....	15
Sameiginlegt meistaranám í viðskiptalögfræði.....	15
Lögreglunám.....	15
Uppfærsla faglegrar þekkingar.....	15
Háskólagátt.....	16
Símenntun.....	16
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.....	17
Rannsóknasetur í menningarstjórnun.....	18
Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst.....	18
Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst.....	18
Alþjóðamál.....	19
Náms- og starfsráðgjöf.....	19
Námskeið.....	20

---

Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf .....	20
<b>Bóka- og skjalasafn .....</b>	<b>20</b>
Safnkostur .....	21
Prentað efni .....	21
Rafrænt efni .....	21
Heimasíða .....	21
Samfélagsmiðlar .....	21
Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis.....	21
Skjalastjórnun .....	21
Skjalakerfið OneCRM .....	22
<b>Markaðs- og kynningarmál.....</b>	<b>22</b>
<b>Tölvuþjónusta.....</b>	<b>23</b>
Hugbúnaður.....	23
Prentþjónusta.....	23
Netumhverfi .....	23
<b>Kennslukerfi.....</b>	<b>24</b>
Bett 2016 .....	24
<b>Nemendafélag Háskólans á Bifröst .....</b>	<b>25</b>
<b>Hollvinasamtök Bifrastar .....</b>	<b>25</b>
<b>Fjármál og rekstur .....</b>	<b>27</b>
Ársreikningur 2016.....	27
<b>Tölulegar upplýsingar 2016 .....</b>	<b>28</b>
Heildarfjöldi nemenda 2016, aldur, kyn, deildir, búseta .....	28
Fjöldi nemenda eftir deildum 2016.....	28
Nemendur eftir deildum 2016 .....	28
Meðalaldur nemenda eftir námsstigum 2016.....	29
Nemendur eftir námsstigum 2016 .....	29
Kynjaskipting allra nemenda 2016 .....	29
Nemendur í Háskólagátt 2016 .....	29
Nemendur eftir fagsviðum 2016 – grunnnám og meistaranám .....	30
Nemendur í símenntun árið 2016 .....	30
Útskrifaðir nemendur á háskólastigi 2016.....	30
Útskrifaðir nemendur úr Háskólagátt og símenntun 2016.....	31
Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2016-2017 (september).....	31
Starfsfólk.....	31
Hlutfall kynja í stjórn skólans, fulltrúaráði og háskólaráði 2016.....	31

## Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2016


Árið 2016 var skilgreint sem ár stöðugleikans í Háskólanum á Bifröst. Það var nýtt til þess að ná betra jafnvægi í skólanum eftir miklar breytingar undangenginna ára. Áhersla var lögð á að treysta innra starf skólans og skapa góðan grunn til næstu sóknar.

Hinn 3. febrúar lauk gæðaúttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla með því að trausti var lýst á skólann. Úttektarferlið var skólanum hollt og hann stendur eftir sem sterkari og betri háskóli en áður. Ýmsar umbætur voru gerðar í ferlinu á skólastarfinu og m.a. var stjórnskipulagi skólans breytt og reglugerð hans endurnýjuð til samræmis. Breytingarnar tóku gildi hinn 1. ágúst 2016 í upphafi nýs skólaárs. Með þeim var skipulagið einfaldað og hlutverk rektors aukið í akademísku starfi skólans og kennslu- og þjónustusvið ber jafnframt meiri ábyrgð. Fagráð og gæðaráð voru lögð niður.



Nýtt ferli innri stefnumótunar var líka tekið í notkun. Það hófst með hefðbundnum stefnumótunarfundi starfsfólks skólans í september og lauk þann 12. desember með afgreiðslu stjórnar á stefnu skólans 2017 - 2020 samhliða samþykktar á fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Í stefnumótunarferlinu var í fyrsta sinn formlega unnið með stefnupýramíða sem lýsir meginhlutverki skólans og grundvallarstefnu.

## STEFNUPÝRAMÍÐINN



**Hlutverk:** Að mennta fólk til forystu í atvinnulífinu og samfélaginu

**Tilgangur:** Að útskrifa Bifrestinga, skapandi einstaklinga með vilja og getu til að efla atvinnulífið og bæta samfélagið

**Gildi:** Frumkvæði samvinna og ábyrgð

**Sýn:** Háskólinn á Bifröst verði 700 nemenda gæðaskóli

**Stefnuvitar:** Gera betur, gera hagkvæmar, gera meira

**Helstu verkefni:** Viðfangsefni stefnumótunarfundar og úrvinnslu

Ýmislegt gekk til betri vegar í skólanum á árinu 2016. Meistaránám í forystu og stjórnun hefur verið að festast í sessi og er nú stærsta námsbrautin í meistaránáminu í skólanum. Innleiðing á fjarnámi í lögfræði í grunnnámi hefur gengið mjög vel og er nú allt grunnnám í skólanum í boði í fjarnámi. Ný námsbraut í miðlun og almannatengslum hefur verið að sanna sig. Engin ný námsbraut var sett af stað á árinu 2016 en meistaránám í lögfræði var endurskipulagt og ný námsbraut, meistaránám í viðskiptalögfræði, kynnt til sögunnar síðla árs 2016. Meistaránámið í fyrra formi hafði látið undan síga.

Skípt var um húsnæði í Reykjavík, og flutti skólinn af Suðurgötu 10 að Suðurlandsbraut 22 þar sem skólinn leigir aðstöðu fyrir kennara, fundi, kennslu og prófahald.

Skipulegar aðgerðir gegn brottfalli hafa verið að þróast. Með kerfisbundnum hætti er fylgst með því hvort nemendur séu að stunda námið og leitast við að grípa inn í sem fyrst með því að hafa samband við þá nemendur sem ekki skila verkefnum í upphafi hverrar lotu. Ennfremur er haft samband við nemendur sem ekki skrá sig í námskeið milli anna á réttum tíma og þeir hvattir til að halda áfram námi.

Á árinu var unnið með Íbúðalánasjóði að endurskipulagningu á fjárhag íbúðafélaganna á Bifröst. Það hefur legið fyrir í áratug að rekstur þeirra gæti ekki staðið undir þeim skuldum sem á þeim hvíla. Eignir tveggja af þremur íbúðafélögum voru auglýstar til sölu en ekki náðist að ljúka málinu. Því hófst undir lok ársins vinna með Íbúðalánasjóði þar sem málið er nálgast með því að bjóða hluta af eignum skólans til sölu ásamt eignum íbúðafélaganna.

Tekist hefur að koma betri reglu á fjármál skólans, t.d. í innheimtu skólagjalda. Nú eru ógreidd skólagjöld hætt að safnast upp sem var meiginástæða mikilla afskrifta á kröfum í ársreikningum síðustu tveggja ára.

Fjárhagur skólans er engu að síður erfiður og tæplega 50 milljóna króna tap varð á rekstrinum á árinu 2016. Það jók á rekstrarerfiðleikana að færri nýnemar komu inn í skólann á haustönn 2016 en árið áður og áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Nýnemar voru 210 haustið 2016 en voru 280 haustið 2015. Nemendum fækkaði því í skólanum milli ára. Ennfremur urðu tekjur af símenntunarstarfsemi mun minni en vonast hafði verið til. Vinna við fjárhagsáætlun 2017 tók mið af því að ná utan um þennan vanda og skólinn á að komast yfir þennan erfiðleikatíma í rekstrinum sem staðið hefur árum saman. Lækkun skulda í kjölfar væntanlegrar eignasölu hjálpar verulega í þeim efnum.

Í skólastarfinu er sífellt verið að takast á við viðfangsefni eða vandamál sem skapast vegna breytinga á ytra umhverfi skólans eða aðstæðum innan hans. Þannig hafa fjárhagserfiðleikar margra undanfarinna ára haft áhrif á launaþróun í skólanum en á árinu 2016 var í fyrsta sinn árum saman greidd almenn launahækkun til starfsmanna sem var 8% hinn 1. júlí. Leitast verður við að hækka laun starfsmanna um ákveðið hlutfall einu sinni á ári með hliðsjón af þróun launa í kjarasamningum og á markaði.

Samskiptabyltingin á síðustu árum hefur leitt til þess að fjarnám er sífellt vinsælla en færri nemendur kjósa að búa á Bifröst. Þessi þróun er alþjóðleg en Háskólinn á Bifröst er í fararbroddi þróunar fjarnáms hér á landi þar sem 80% nemenda við skólann eru í fjarnámi. Allt meistaranám við skólann er nú kennt í fjarnámi. Þetta kallar á ýmis konar breytingar í starfi skólans en meginatriðið er að skólinn þarf að gæta þess að halda forystu sinni og samkeppnishæfni með því að vera í fremstu röð tæknilega og sífellt að auka gæði kennslunnar. Á næstu árum þarf að endurnýja kennslukerfi og nemendaskráningarkerfi skólans.

Engin þau viðfangsefni eða vandamál sem glímt er við eru þó svo stór eða alvarleg að þau séu óleysanleg. Háskólinn á Bifröst býr að metnaðarfullu starfsfólki sem vill ná árangri fyrir skólann og íslenskt samfélag. Starfsfólk skólans á því miklar þakkir skyldar fyrir störf sín og tryggð við skólann. Stjórn skólans og fulltrúaráðið hafa líka staðið þétt við bakið á skólanum á erfiðum tímum.

Háskólinn á Bifröst fagnar 100 ára afmæli sínu á árinu 2018. Skólinn stendur á traustum grunni merkilegrar sögu. Skólinn hefur breyst mikið sem stofnun í tímans rás og jafnan tekist að aðlagast nýjum tímum og mennta fólk til forystuhlutverks í atvinnulífinu og samfélaginu. Þetta grundvallarhlutverk skólans hefur ekki breyst. Við sem störfum í Háskólanum á Bifröst við þessi tímamót erum stolt af sögu hans og staðráðin í því að marka honum farsæla vegferð inn í aðra öldina í tilvist sinni.

*Vilhjálmur Egilsson, rektor*

## Aðalfundur

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2015 var haldinn 10. maí 2016 á Bifröst. Dr. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2015. Ársreikningur 2015 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага Háskólans á Bifröst 2015. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi skólans KPMG var kjörinn. Breytingar á skipulagsskrá skólans voru samþykktar. Kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

## Yfirlýsing Gæðaráðs íslenskra háskóla um traust á Háskólanum á Bifröst

Gæðaráð íslenskra háskóla ákvað á fundi sínum 2. febrúar 2016 að lýsa yfir trausti á starfsemi Háskólans á Bifröst á grundvelli þeirra viðfangsefna sem ráðið leggur til grundvallar í þessu sambandi; námsumhverfi nemenda og gæði prófgráða sem skólinn veitir. Með þessari ákvörðun lauk úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst. Eftir úttektina stendur Háskólinn á Bifröst jafnfætis öðrum íslenskum háskólum á þá kvarða sem Gæðaráðið leggur til grundvallar í úttektum sínum.



Viðbótarskýrsla skólans frá nóvember 2015 um fimm nánar tilgreinda efnisþætti og framvinda mála frá því henni var skilað var rædd 1. febrúar 2016 á fundi fulltrúa skólans með fulltrúum úttektarnefndar Gæðaráðs.

Í bréfi formanns úttektarnefndar dags. 17. september 2015 voru tilgreindir fimm efnisþættir fyrir Háskólann á Bifröst til að bæta úr svo Gæðaráðið gæti lýst fyrirvaralausum trausti á möguleika skólans til að tryggja gæði prófgráða sem skólinn veitir. Þessir efnisþættir voru söfnun tölulegra gagna og úrvinnsla þeirra til að nýta við stjórnun og stefnumótun, skýr stefnumótun af hálfu skólans til næstu ára, úttekt á stjórnskipulagi og hlutverkaskiptingu í skólanum, endurskoðun á reglum um fastráðningu akademískra starfsmanna og fjárhagsleg staða skólans. Í framhaldinu setti rektor á laggirnir fimm starfshópa til að vinna að hverju þessara verkefna. Á grundvelli þess starfs var úttektarnefnd send viðbótarskýrsla skólans, dags. 17. nóvember 2015. Um fjóra þessara þátta var lýst fullbúnum niðurstöðum. Í fimmta þættinum, endurskoðun á skipulagi á akademískri stjórnarsýslu skólans, var lýst áföngum í starfi starfshóps sem settur var á laggirnar samkvæmt leiðbeiningu í fyrrgreindu bréfi formanns úttektarnefndar. Völdust í hópinn sem sérfræðingar utan skólans þau Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir og Dr. Ólafur Þ. Harðarson en fulltrúar skólans í hópnum voru Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, sem gegndi formennsku í hópnum, Dr. Ólafur Ísleifsson og Stefán V. Kalmannsson. Við ákvörðun um traust á skólanum var því lýst af hálfu Gæðaráðs hún væri tekin í trausti þess að starfi starfshópsins lyki innan tímamarka og tillögur hópsins fengju viðeigandi meðferð á vettvangi skólans.

## Skýrsla starfshóps um skipulag Háskólans á Bifröst

Skýrsla starfshóps um skipulag Háskólans á Bifröst er dags. 22. mars 2016. Segir þar að um stofnanir og samspil þeirra hafi þau sjónarmið sem hér eru rakin í samandregnu formi orðið ofan á.

### Einfalt skipulag

Einfalda beri skipulag innan skólans og skýra ábyrgð. Fækka megi ráðum enda geti starfandi vinnunefndir sinnt tilteknum verkefnum.

### Rektor

Rektor beri ábyrgð á starfi háskólans, faglega og fjárhagslega.

### Stjórnendahópur skólans

Stjórnendahópur skólans verði skilgreindur, hann geti til að mynda verið samsettur af rektor, forstöðumönnum deilda/deildarforsetum, ásamt fulltrúa eða fulltrúum stoðsviða.

### Deildir

Deildir skólans beri ábyrgð á faglegum málefnum, kennslu, rannsóknum og fjárheimildum. Jafnframt fái deildarfundir skilgreind verkefni og starfssvið. Innan deilda starfi gæðateymi með fulltrúum starfsmanna og stúdenta. Skilgreina þurfi starf forstöðumanna deilda/deildarforseta. Þessir aðilar fari með faglega forustu innan hverrar deildar og beri ábyrgð á faglegum þáttum, gæðum kennslu og rannsókna. Einnig beri þeir fjárhagslega ábyrgð á að deild starfi innan skilgreinds fjárhagsramma hvers árs.

### Stjórn skólans

Í stjórn skólans sitji utanaðkomandi aðilar sem koma að stjórn reynslu sinnar vegna, innlendir sem erlendir. Stjórnin fari með stefnumótandi hlutverk og beri fjárhagslega ábyrgð. Mikilvægt er talið að stjórn hafi skýra ábyrgð í tengslum við stefnu og fjármál skólans og því er lagt til að fulltrúar nemenda og kennara sitji ekki í stjórn skólans heldur eigi sæti í háskólaráði.

### Háskólaráð

Lagt er til að breyta hlutverki háskólaráðs m.a. með hliðsjón af háskólaráði Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Háskólaráð verði ráðgefandi og af þeirri ástæðu ekki í skipuriti skólans.

### Háskólafundur

Háskólafundur verði samráðsvettvangur starfsmanna og stúdenta.

### Rannsóknarráð

Markmið rannsóknarráðs verði að efla rannsóknarstarf á Bifröst. Gert er ráð fyrir að í rannsóknarráði skólans sitji fræðimenn, íslenskir og erlendir. Rannsóknarráð veiti ráðgjöf og fylgi eftir árangri.

### Nemendur

Mikilvægt er talið fyrir starfsemi deilda skólans að nýta krafta stúdenta þar, enda tengist málefni stúdenta því starfi sem þar fer fram. Mikilvægt sé einnig að leita samstarfs við miðstjórn. Þannig verði farvegur fyrir þátttöku nemenda tryggður annarsvegar við deildir skólans og jafnframt með aðkomu miðstjórnar, t.d. í háskólaráði Háskólans á Bifröst.

### Málsmeðferð nemendaerinda

Meðferð og afgreiðsla nemendaerinda sem lúta að námi þeirra verði hjá kennslusviði. Kæruleiðir nemenda innan skólans verði skýrar.



## Kjarni akademískrar starfsemi verði í deildum skólans

Lagt er til að kjarnastarfsemi Háskólans á Bifröst fari fram í þeim fagsviðum/háskóladeildum sem skólinn starfrækir. Sérstaða skólans í samanburði við aðra íslenska háskóla hvað varðar skipulag er að aðstoðarrekтор ber ábyrgð á akademískri starfsemi. Æskilegt er talið að víkja frá þeirri tilhöggun þannig að rektor beri ábyrgð á starfsemi skólans, faglega sem fjárhagslega.

Í samantekt á skýrslu starfshópsins segir að megingagnrýni af hálfu Gæðaráðs íslenskra háskóla, er laut að skipulagi Háskólans á Bifröst sé sú að skipulag væri flókið og ábyrgð óljós. Vandleg yfirferð á skipulagi háskóla hefur leitt í ljós að ýmsar leiðir eru tækar hvað varðar skipulag. Skipulag þjónar því meginhlutverki að styðja við stefnu skólans. Nauðsyn er á einföldu skipulagi, vel skilgreindri ábyrgð, akademískum styrk og aukinni rannsóknarvirkni í anda stefnu Háskólans á Bifröst. Það styður við markmið um að efla skólann, akademíska starfsemi hans og gæði prófgráða til lengri tíma litið.

## Breytt reglugerð Háskólans á Bifröst

Á grundvelli ofangreindrar skýrslu starfshóps um skipulag Háskólans á Bifröst gerði rektor tillögu að breytingum á reglugerð skólans. Voru þær tillögur kynntar og ræddar á fundum stofnana skólans og með nemendum og starfsfólki. Breytt reglugerð var samþykkt á stjórnarfundi 2. maí 2016 og tók hún gildi 1. ágúst 2016.

Meðal ákvæða breyttrar reglugerðar er að rektor annast stjórnun og rekstur háskólans í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni (3. gr.). Deildir skólans hafa frumkvæði að akademískri stefnumótun og þróun námsbrauta og bera ábyrgð á innihaldi námskeiða og gæðum námsins. Deildarforsetar leiða stefnumörkun fyrir hvert fagsvið, stýra og bera ábyrgð á faglegum málefnum þeirra, þ.m.t. gæðamálum. Deildarforsetar bera ennfremur fjárhagslega ábyrgð innan þess ramma sem fjárhagsáætlun setur. Á hverju fagsviði skólans starfar deildarráð skipað deildarforseta, einum kennara, völdum af kennurum deildarinnar, og einum nemenda, völdum af nemendafélaginu (6. gr.). Háskólaráð er ályktunarbært og getur gert tillögur til rektors eða stjórnar skólans (5. gr.). Kennsluvið tekur við formlegum erindum frá nemendum og úrskurðar eins og tilefni er til. Ef nemendur una ekki úrskurðinum getur nemandi vísað erindi sínu til áfrýjunarnefndar. Sé úrskurði áfrýjunarnefndar ekki unað má vísa máli til rektors sem endanlegs úrskurðaraðila innan skólans (6. gr.). Settar hafa verið sérstakar reglur um störf áfrýjunarnefndar. Reglur um helstu þætti í starfsemi skólans skulu staðfestar af stjórn skólans að undangenginni umræðu í framkvæmdastjórn og kynningu fyrir deildarráðum. Aðrar reglur staðfestir rektor (37. gr.). Ákvæði eldri reglugerðar um aðstoðarrekтор, fagráð og gæðaráð féllu brott.

Af hálfu skólans verður Gæðaráði íslenskra háskóla gerð ítarleg grein fyrir breytingum á akademísku skipulagi Háskólans á Bifröst með sérstakri skýrslu og á fundi fulltrúa skólans og Gæðaráðs í maí 2017.

## Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2016 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Frá Borgarbyggð:

Þórunn Unnur Birgisdóttir  
Helgi Haukur Hauksson  
Jónína Erna Arnardóttir  
Varafulltrúi: Bjarki Þór Grönfeldt

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Rúnar Ágúst Svavarsson  
Sigrún Jóhannesdóttir  
Regína Sigurgeirsdóttir  
Varafulltrúi: Anna Ólöf Kristjánsdóttir

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Sigrún Lilja Einarsdóttir  
Brynjar Þór Þorsteinsson  
Auður H Ingólfssdóttir  
Varafulltrúi: Helga Kristín Auðunsdóttir

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Birna Bjarnadóttir  
Skúli Skúlason  
Ólafur Sigmarsson  
Varafulltrúi: Stefán Logi Haraldsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Guðrún Eyjólfssdóttir  
Óttar Snædal  
Kristín Þóra Harðardóttir  
Varafulltrúi: Halldór Árnason

## Stjórn skólans

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

## Stjórn Háskólans á Bifröst

Frá Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri  
Varafultrúi: Sigurður Guðmundsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson, lögmaður  
Varafultrúi: Hörður Harðarson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Bryndís Hlökkversdóttir, ríkissáttasemjari  
Varafultrúi: Vífill Karlsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri  
Varafultrúi: Guðsteinn Einarsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri  
Varafultrúi: Guðrún Eyjólfsdóttir

## Háskólaráð

Háskólaráð er æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins. Þar sitja rektor, staðgengill rektors, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrjú fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefnir, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrjú nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Háskólaráð fundar að öllu jöfnu mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans.

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2015 - 2016

Vilhjálmur Egilsson, rektor  
Anna Elísabet Ólafsdóttir, staðgengill rektors  
Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu  
Halla Tinna Arnardóttir, fulltrúi starfsmanna  
Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Auður H Ingólfssdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Hallur Jónasson, fulltrúi meistaranema  
Elís Bergur Sigurbjörnsson, fulltrúi grunnema  
Gauti Skúlason, fulltrúi grunnema  
Jóhannes B. Pétursson, fulltrúi grunnema  
Stefán Freyr Benónýsson, fulltrúi Háskólagáttarnema

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2016 - 2017

Vilhjálmur Egilsson, rektor  
Anna Elísabet Ólafsdóttir, staðgengill rektors  
Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu  
Finnbjörn Börkur Ólafsson, fulltrúi starfsmanna

Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Auður H Ingólfssdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Hróðný Kristjánsdóttir, fulltrúi meistaranema  
Berglind Sunna Bragadóttir, fulltrúi grunnema  
Andri Már Ágústsson, fulltrúi grunnema  
Haraldur Líndal Haraldsson, fulltrúi grunnema  
Svandís Elísa Margrét Leósdóttir, fulltrúi Háskólagáttarnema

Áheyrnaraðilar í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétt eru Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Ólafur Ísleifsson framkvæmdastjóri gæðamála. Áheyrnarfulltrúar íbúaráðs voru Karl Eiríksson 2015-2016 og Íris Gunnarsdóttir 2016-2017.

## Fagráð

Með skipulagsbreytingum sem tóku gildi 1. ágúst 2016 var fagráð háskólans á Bifröst sem slíkt lagt af. Verkefni fagráðs svo sem akademísk stefnumótun, ákvarðanir um innihald námsbrauta og einstakra námskeiða voru færð til deildarráða. Meðferð erinda og afgreiðsla frá nemendum er lúta að námsferlum og kennslu færðist til kennsluviðs.

Fagráð fundaði að jafnaði vikulega, en fundum fækkaði nokkuð vorið 2016 m.a. vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi þess. Það var skipað aðstoðarrekktor, sviðsstjórum, framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu, forstöðumanni Háskólagáttar og tveimur fulltrúum háskólanema en auk þess hafði ráðið starfsmann sem ritaði fundargerðir og gekk frá afgreiðslu mála í samræmi við niðurstöður funda.

Fulltrúar í fagráði til 1. ágúst 2016 voru Dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrekktor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir sviðsstjóri félagsvísindasviðs, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs, Sigurður Ragnarsson sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs og Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir forstöðumaður Háskólagáttar. Fulltrúar nemenda voru Jóna Dóra Ásgeirsdóttir og Anna Ólöf Kristjánsdóttir. Starfsmaður fagráðs vorið 2016 var Arnar Stefánsson.

## Kennslu- og rannsóknarráð

Samkvæmt breytingum á reglugerð skólans sem tóku gildi 1. ágúst 2016 þá er kennslu- og rannsóknarráð samráðsvettvangur akademískra starfsmanna skólans og kýs það jafnframt fulltrúa kennara í ráð og nefndir skólans eins og við á. Rektor boðar ráðið til a.m.k. tveggja funda árlega þar sem m.a. eru ræddar stefnumótandi ákvarðanir sem lúta að akademísku starfi skólans. Fyrri hluta ársins stýrði aðstoðarrekktor starfi ráðsins. Á árinu 2016 voru haldnir fjórir fundir í ráðinu, þar var m.a. fjallað um gæðamál, rannsóknarsjóði, breytingu á launakerfi akademískra starfsmanna, dagskrá skólaársins, stefnu skólans og skipulagsbreytingar.

## Gæðaráð

Samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem giltu til 1. ágúst 2016 kaus háskólaráð árlega á fyrsta fundi háskólaársins sérstakt gæðaráð. Í því sitja þrjár fulltrúar nemenda, kjörnir af nemendum og þrjár fulltrúar kennara, tilnefndir af kennarafundi, ásamt formanni sem tilnefndur er af rektor. Jafnframt starfar

gæðastjóri með ráðinu. Fulltrúar í gæðaráði kjörnir til september 2016: Stefán Kalmansson, formaður. Fulltrúar kennara: Kári Joensen, Helga Kristín Auðunsdóttir og Dr. Njörður Sigurjónsson. Fulltrúar nemenda: Anna Ólöf Kristjánsdóttir, Jóna Dóra Ásgeirsdóttir og Svanberg Halldórsson. Framkvæmdastjóri gæðamála er Dr. Ólafur Ísleifsson. Ákvæði um gæðaráð féllu brott með nýrri reglugerð sem tók gildi 1. ágúst 2016. Voru verkefni þess færð til eins og nánar er rakið í þessari ársskýrslu. Starfshópur á vegum gæðaráðs skólans undir forystu gæðastjóra skilaði ítarlegum tillögum um grisjun á gæðahandbók skólans, brottfalli reglna og sameiningu annarra. Hafa þær tillögur allar komið til framkvæmda.

## Gæðastefna Háskólans á Bifröst

Gæðastefna Háskólans á Bifröst leggur áherslu á öflugt og umbótamiðað gæðastarf sem tekur til allrar starfsemi skólans. Gæðastarfinu er ætlað að hámarka gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann með það að markmiði að bjóða nemendum, kennurum og starfsfólki upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá Háskólanum á Bifröst. Gæðakerfið á að taka mið af og leitast við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til ytra og innra mats háskóla. Gæðastarfið skal vera opið, gegnsætt og einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum. Gæðakerfið felur í sér viðleitni til úrbóta og skal stöðugt vera í endurskoðun og framþróun.

Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að taka mið af og mæta í hvívetna innlendum og alþjóðlegum gæðakröfum sem gerðar eru til háskóla, þar á meðal þeim kröfum sem felast í þátttöku í evrópska háskólasvæðinu, *European Higher Education Area*. Gæðakerfi Háskólans á Bifröst tekur þannig mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst styður eindregið rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi og störf Gæðaráðs íslenskra háskóla og leggur áherslu á að taka virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála, m.a. á vettvangi ráðgjafanefndar Gæðaráðsins.

Gæðahandbók Háskólans á Bifröst er öllum aðgengileg á vef skólans. Hún felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Gæðahandbókin sætir reglubundinni endurskoðun í samræmi við það markmið skólans að gæðastarf á vettvangi hans sé stöðugt og umbótamiðað.

## Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan Háskólans á Bifröst. Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð af jafnréttisnefnd en framkvæmd og ábyrgð er í höndum rektors.

### *Jafnréttisnefnd skólaárið 2015-2016*

Páll Rafnar Þorsteinsson, formaður  
Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks  
María Dís Sigurjónsdóttir, fulltrúi nemenda

### *Jafnréttisnefnd 2016-2017*

Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, formaður  
Páll Rafnar Þorsteinsson, fulltrúi starfsfólks  
Haraldur Línadal (f. áramót) – Berglind Sunna Bragadóttir (e. áramót), fulltrúi nemenda

Skólaárið 2014-2015 var hafist handa við endurskoðun á jafnréttisáætlun Háskólans á Bifröst. Þeirri endurskoðun er ekki lokið.

Háskólinn á Bifröst tók í annað sinn þátt í Jafnréttisdögum háskólanna sem haldnir voru 10. – 21. október. Með jafnréttisdögum er hugmyndin að nálgast hinar ýmsu víddir jafnréttis og skoða fjölbreytileika, forréttindi, þöggun, jafnréttisbaráttu, vald og mismunun. Áhersla er lögð á þau tækifæri sem skapast með því að setja hugmyndir um normið – hið „eðlilega“ – og hið undirskipaða undir smásjána. Dagskrá var nokkuð fjölbreytt en komst því miður ekki í framkvæmd innan skólans. Dagarnir voru opnaðir með ljósagangi í þeim fjórum háskólum sem tóku þátt.

Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna var stofnaður í framhaldi af fræðuslufundi menntamálaráðuneytisins í nóvember 2015. Samstarf jafnréttisfulltrúa háskólanna hefur gengið vel og er ljóst að mikil þörf er á slíkum vettvangi. Haldnir voru þrjár fundir á árinu, tveir í Reykjavík og einn á Hólum í Hjaltadal.

Starf samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa var kynnt fyrir samstarfsnefnd háskólastigsins sem er samráðsvettvangur rektora allra háskóla. Þar var m.a. lögð áhersla á mikilvægi jafnréttisnefnda og að hver skóli skilgreini um 20% starfshlutfall fyrir málaflokkinn. Í árslok voru verkefni og störf formanns jafnréttisnefndar Háskólans á Bifröst endurskoðuð. Þar var m.a. tekið tillit til þeirra starfa sem falla innan jafnréttisnefndar. Háskólinn á Bifröst er því fyrstur háskóla utan HÍ til að skilgreina verkefni sem falla undir jafnréttisnefnd sem starfshlutfall.

## Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfi og nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmd lokaprófa, náms- og starfsráðgjöf, umsjón með starfsnámi o.fl. Framkvæmd kennslumats, skipulagning kennslu og vinnuhelga er einnig meðal verkefna kennslusviðs. Loks setur kennslusvið upp



stundaskrár hverrar lotu og dagskrá skólaársins í samráði við deildarforseta og yfirstjórn skólans. Í ársskýrslunni má einnig sjá afrakstur af utanumhaldi um tölfræði skólans sem er hluti af verkefnum kennslusviðs.

Á árinu 2016 var áfram unnið að innleiðingu vendikennslunnar sem er nú beitt í öllu skólastarfinu. Kennslusvið heldur námskeið fyrir nýja kennara fyrir upphaf hverrar annar og voru þau eflað á árinu. Prófaald og námsmat er nokkuð umfangsmikið vegna lotukennslunnar og fjölda fjarnema, en nemendur taka próf víðs vegar um land sem og erlendis.

Nemendur eru hvattir til að taka þátt í kennslumati sem deildarforsetar fylgja eftir, þegar og ef þörf er á. Útkoman úr kennslumatinu eftir önnum á árinu 2016 var; vorönn 4,1, sumarönn 3,9 og haustönn 3,8 (meðaltal úr námskeiðs- og kennaraeinkunn). Hæsta gildið er 5 ef gildi eru fyrir neðan 3 er það í höndum deildarforseta að gera athugasemdir og leita úrbóta með kennara.

Kennslusvið kallar eftir kennsluáætlunum frá kennurum og fer yfir þær. Áhersla er lögð á að birta kennsluáætlanir námskeiða innan þeirra tímamarka sem reglur skólans kveða á um, þ.e. 2 vikum fyrir upphaf kennslu í hverri lotu.

Unnið hefur verið að þróun og endurbótum á nemendaskrárkerfi skólans og verið er að skoða möguleika á nýju nemendaskrár- og kennslukerfi.

Á árinu 2016 hófst regluleg birting á tölulegum upplýsingum um skólann á vefnum þar sem sjá má nemendafjölda á hverri önn auk þess sem tölfræði um skólastarfið sem slíkt er regulega til umfjöllunar á fundum framkvæmdastjórnar.

Með skipulagsbreytingunum sem tóku gildi 1. ágúst 2016 færðist mat á fyrra námi og meðferð og afgreiðsla erinda frá nemendum til kennslusviðs. Það jók nokkuð álag og umsýslu innan sviðsins.

Nokkrar starfsmannabreytingar urðu á sviðinu á árinu, en þrír nýir starfsmenn bættust í hópinn í byrjun ársins og einn um mitt ár. Tveir hættu á árinu en einn hafði hætt í lok árs 2015. Í lok ársins 2016 starfa átta manns á sviðinu, þ.e. sjö konur og einn karl, tvær konur störfuðu á bókasafninu á árinu en það heyrir undir kennslusvið sem sérstök eining.

## Félagsvísindadeild

Á árinu 2016 voru þrjár námsbrautir í grunnnámi á félagsvísindasviði; miðlun og almannatengsl, byltingafræði og heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Aðsókn að byltingafræðinni haustið 2015 var vonbrigði og tekin var ákvörðun um að halda ekki áfram að taka nemendur í það nám. Aðsókn að hinum grunnnámsbrautum var þokkaleg. Aðsókn í staðnám hefur jafnframt minnkað og þykir það áhyggjuefni en þó vísbending um ákveðna þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum.

### Aðsókn í meistaranám með ágætum

Aðsókn að meistaranámi í menningarstjórnun var með ágætum og hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, enda hefur námslínan fest sig vel í sessi. Haustið 2016 var boðið uppá nýja áherslulínu innan menningarstjórnunar, svokallaða MCM gráðu í menningarstjórnun (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf. Þessi nýja lína er viðbót á námsframboði á meistarastigi, en í stað þess að skrifa meistara ritgerð ljúka nemendur 78 ECTS í námskeiðum og 12 ECTS sjálfstæðu verkefni í menningarstjórnun.

Áfram var haldið með þróun á innleiðingu lotubundinnar kennslu en sú innleiðing hefur gengið nokkuð vel fyrir sig, enda eru akademískir starfsmenn og stundakennarar á félagsvísindasviði vel í stakk búnir



fyrir slíkt kennslufyrirkomulag. Þó má heyra raddir þess efnis að lotukennsla og vendikennsluformið henti misvel eftir greinum og því mætti í framtíðinni hafa slíkt í huga í frekari þróun á námi og kennslu.

### Mikil rannsóknarvirkni

Á árinu 2016 var rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna á félagsvísindasviði eftirtektarverð og afraksturinn birtist m.a. í greinum, bókarköflum og þátttöku í ráðstefnum

heima og erlendis, svo og í umfjöllunum innlendra og erlendra fjölmiðla en þar eru okkar akademísku starfsmenn mjög sýnilegir í opinberri umræðu.

Helstu afrek starfsmanna deildarinnar á árinu voru bók sem kom út eftir Dr. Eirík Bergmann, Auður H Ingólfssdóttir varði doktorsritgerð sína, Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dvaldi í rannsóknarleyfi við Oxford háskóla, Dr. Njörður Sigurjónsson sótti sex rannsóknarráðstefnur og dvaldi við kennslu um mánaðarskeið í Colorado í Bandaríkjunum og Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon dvaldist við stjórnsýslu og kennslu í sjö mánuði í Haag í Hollandi og ritaði bókarkafli í bók sem kom út hjá Palgrave útgáfufyrirtækinu.

Dr. Páll Rafnar Þorsteinsson leysti Dr. Sigrúnu Lilju af sem deildarforseti í rannsóknarleyfi hennar frá 1. ágúst.

Í deildarráði á árinu 2016 sátu Dr. Páll Rafnar Þorsteinsson, Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon og Linda Pétursdóttir, nemandi.

Í grunnnámi við deildina veturinn 2016-2017 voru 68 nemendur, 6 í byltingarfræði, 34 í HHS og 28 í miðlun og almannatengslum. Í framhaldsnámi við deildina voru 43 nemendur, 41 í menningarstjórnun og 2 í alþjóðlegri stjórnmalahagfræði.

## Viðskiptadeild

Starfið í viðskiptadeild á árinu var fjölbreytt og unnið af sterkri liðsheid deildarinnar. Mikil vinna fór í endurskipulagningu á meistaranámi í alþjóðaviðskiptum og undirbúningi fyrir nýtt meistaranám í markaðsfræðum, en hvorutveggja hefst haustið 2017. Í meistaranáminu var nám í forystu og stjórnun styrkt enn frekar með nýju námskeiði haustið 2015, Straumflínustjórnun og skipulag. Mikilvægt er að viðhafa eftirlit og þróa stöðugt námsbrautir deildarinnar. Í þessu ljósi var einnig lögð vinna í að tengja betur saman BS nám í viðskiptum með áherslu á þjónustufræði og BS nám í viðskiptum með áherslu á ferðaþjónustu.



Vinna við undirbúning og þróun á norræna forystulíkaninu (*Nordic Leadership Model*) undir stjórn Einars Svanssonar lektors, og Jóns Snorra Snorrasonar, lektors, hélt áfram. Verkefnið hefur þegar skilað sér í nokkrum meistararitgerðum og ráðgert er að fyrstu rannsóknir á sviðinu verði birtar árið 2017 undir heitinu *Viðhorf íslenskra og danskra stjórnenda til starfsumhverfis í ljósi norrænna gilda*, en stór rannsókn var lögð fyrir um 1.800 stjórnendur í opinberri stjórnsýslu á Íslandi.

## Vísindaping um þjónandi forystu

Farsælt samstarf við Þekkingarsetur um þjónandi forystu á Íslandi hélt áfram og haustið 2016 var vísindaping um þjónandi forystu, *Global Servant Leadership Research Roundtable*, haldið á Bifröst en þar komu saman nokkrir af fremstu fræðimönnum heims í greininni og byggðist dagskráin upp af fyrirlestrum og pallborðsumræðum. Vísindapingið var opið starfsfólki og nemendum háskólans og fengu meistaranemar í forystu og stjórnun, sem t.d. vinna að rannsóknum um þjónandi forystu, þar



tækifæri á að hlýða á þekkta höfunda rannsókna sem þeir hafa lesið og stuðst við í námi sínu til og rannsóknarverkefnum.

### Fulbright gestakennari

Dr. Sherry Robinson, lektor í viðskipta- og hagfræði við Penn State háskólann í Hazleton, Pensylvaníu, var Fulbright gestakennari við viðskiptadeildina á haustönn 2016 og bjó á Bifröst. Dr. Sherry starfaði náið með Dr. Ingólfi Arnarsyni dósent, og kenndu þau m.a. saman námskeiðið *International business*. Dr. Sherry var einnig með sérstakar vinnustofur fyrir meistaranema sem og kennara háskólans.

Námskeið í Rekstraráætlunum I og II voru þróuð áfram en í þeim er lögð áhersla á samvinnu við starfandi fyrirtæki. Umsjón með verkefninu höfðu Dr. Ingólfur Arnarson dósent og Stefán Kalmansson aðjúnt.

### eNorbalt – hagkerfi internetsins skoðað

Samskipti við erlenda háskóla var með fjölbreyttu sniði og má þar nefna að nemendur í BS náminu tóku þátt í eNorbalt, sem snýr sérstaklega að skoðun á hagkerfi internetsins. Sem fyrr tókst verkefnið afar vel og eins og áður hafði Jón Freyr Jóhannsson aðjúnt, umsjón með verkefninu.

### Akademískir starfsmenn sviðsins sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu

Árið 2015 var Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst úthlutað fjármagni frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem eyrnamerkt var rannsóknum í ferðaþjónustu. Verkefnið hélt áfram árið 2016 en markmið verkefnisins *Markhópagreining – gerð markhópalíkans* er að auka verðmæti þeirra ferðamanna sem hingað sækja. Einar Svansson lektor, var verkefnastjóri verkefnisins, en að auki unnu að verkefninu frá Bifröst þeir Brynjar Þór Þorsteinsson aðjúnt, og Kári Joensen lektor. Verkefnið var kynnt opinberlega á tveimur fundum: Í upphafi ársins í Reykjavík á fundi á vegum Ferðamálastofu og Íslandsstofu um markaðssetningu íslenskrar ferðaþjónustu í breyttu umhverfi og svo í lok ársins á Akureyri á málstofu haldinni af Klasasetri Íslands undir heitinu *Ferðaþjónusta á tímamótum - klasar og sviðsmyndir*. Einnig komu út tvær skýrslur á árinu. Sú fyrri *Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu - Skýrsla I - Markmið, bakgrunnur og aðferðir*, og sú seinni *Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu - Skýrsla II - Spurningagrunnur*. Í lok ársins veitti stjórnstöð ferðamála þessu verkefni viðbótarstyrk að upphæð 25 milljónir króna til að halda verkefninu áfram á árinu 2017 og leggja fyrir nýja spurningakönnun í sjö löndum.

Dr. Ingólfur Arnarson dósent fjallaði um verkefnið Rekstraráætlanir á Byggðaráðstefnunni 2016. Ingólfur hélt einnig erindi um svæðisbundin áhrif háskóla á Vesturlandi, ásamt Þóroddi Bjarnasyni, í Þjóðarspegli Háskóla Íslands. Einnig var Ingólfur með erindi á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði við Háskólann á Akureyri þar sem hann fjallaði um samvinnu smáfyrirtækja á Vesturlandi og Háskólans á Bifröst.

Jón Snorri Snorrason lektor og Einar Guðbjartsson, dósent, við Háskóla Ísland og stundakennari á Bifröst unnu að yfirgripsmikilli samanburðarannsókn með könnun um störf og stjórnarhætti endurskoðunarnefnda. Niðurstöðurnar voru kynntar á þremur ráðstefnum á árinu 2016; á vorráðstefnu Viðskiptafræðistofnunar í apríl, á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði á Akureyri í maí og loks á Þjóðarspeglinum við HÍ í október. Jón Snorri var einnig með framlag í tveimur köflum kennslubókar *Foundations of Finance, 9e* (e. Keown, Martin og Petty) þar sem hann lagði fram spurningar, dæmi og dæmisögur ('Review Questions', 'Study Problems', and 'Mini Cases'). Útgefandi Pearson.

Að lokum má nefna að Sigurður Ragnarsson lektor og forseti viðskiptadeildar, hélt erindi á fyrrnefndu vísindafingi um þjónandi forystu, *Global Servant Leadership Research Roundtable*, sem haldið var á

Bifröst. Erindið bar yfirskriftina *How is servant leadership practiced and experienced by leaders and followers in organizational settings - A literature review study*, og var unnið með Dr. Sigrúnu Gunnarsdóttur, dósent, og Dr. Erlu Sólveigu Kristjánsdóttur, lektor, við Háskóla Íslands og stundakennara á Bifröst.

Í deildarráði viðskiptadeildar frá 1. ágúst 2016 voru Sigurður Ragnarsson, Jón Snorri Snorrason lektor og Svanberg Halldórsson nemandi.

Forseti viðskiptadeildar er Sigurður Ragnarsson.

## Lagadeild

### Fjarnám í lögfræði

Starfsárið 2015 markaði tímamót í lagadeild Háskólans á Bifröst en þá hófst kennsla í viðskiptalögfræði í fjarnámi. Sama ár hófst kennsla í grunnnámi í viðskiptalögfræði með vinnu. Undirtektir voru góðar og hefur nemendum við lagadeild skólans fjölgað nokkuð síðan þessi ákvörðun var tekin.

Á árinu 2016 voru kennsluaðferðir þróaðar og mikil áhersla lögð á að námskeið sem áður voru kennd í staðnámi væru sniðin að breyttu fyrirkomulagi fjarnáms. Kennurum við deildina var sérstaklega boðið upp á fræðslu til að tryggja að þetta gengi vel fyrir sig.



Skólaárið 2016–2017 hófst með móttöku nýnema í ágúst. Þar voru nýnemar í viðskiptalögfræði boðnir velkomnir af starfsmönnum lögfræðisviðs og áherslur námsins og kennsluaðferðir kynntar. Laganemar í meistaranámi gerðu grein fyrir reynslu sinni af laganámi við Háskólann á Bifröst.

### MBL nám í viðskiptalögfræði

Á árinu 2016 var tekin ákvörðun um að endurskipuleggja meistaranám í lögfræði við skólann. Af þeirri ástæðu voru ekki teknir inn nýir nemendur í námið á haustönn 2016.

Á haustmánuðum var síðan tilkynnt að boðið yrði upp á nýja námslínu í meistaranámi í lögfræði við skólann, MBL nám í viðskiptalögfræði. Frá árinu 2017 yrði því boðið upp á tvær áherslur í meistaranámi við deildina: MBL gráðan er 90 ECTS nám í viðskiptalögfræði án ritgerðar. ML gráðan er 120 ECTS nám í viðskiptalögfræði með 30 ECTS meistararitgerð. MBL nám í viðskiptalögfræði er eina nám sinnar tegundar á Íslandi. Námið er stjórnendamiðað og meginmarkmið þess er að undirbúa nemendur fyrir starf stjórnandans í viðskiptalífínu með hagnýtri menntun á sviði viðskiptalögfræði. Námið veitir trausta, fræðilega þekkingu á sviði viðskiptalögfræði og er sérlega hagnýtt nám þar sem það undirbýr nemendur fyrir krefjandi störf í fjölbreytilegu starfsumhverfi.

## Breytt fyrirkomulag kennslu í meistaranámi

Á haustmánuðum ársins var jafnframt tilkynnt að allt meistaranám í lögfræði við skólann yrði kennt í fjarnámi. Unnt er að ljúka náminu á þremur önnum án ritgerðar eða fjórum með meistararitgerð eins og fyrr segir. Hver nemandi getur tekið námið á þeim hraða sem honum hentar og námið er ekki síst hugsað fyrir þá sem vilja sækja sér framhaldsmenntun samhliða vinnu.

## Samstarf við erlenda háskóla

### LAW WITHOUT WALLS

Háskólinn á Bifröst tók í annað sinn þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni *Law Without Walls*. Á meðal þeirra háskóla sem taka þátt í samstarfinu eru margir af virtustu háskólum heims, svo sem Harvard, Stanford, New York University, Fordham University og University College London. Verkefnið er skipulagt af University of Miami. Samstarf háskólanna miðar að því að laganemar fái breiðari sýn á lögfræði sem og tækifæri til að beita menntun sinni til góðs við úrlausn á raunhæfum verkefnum. Upphaf verkefnisins var í Dublin í febrúar 2015, en 2016 komu nemendur saman í Miami. Að þessu sinni voru laganemarnir Andri Björgvin Arnþórsson og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir fulltrúar Háskólans á Bifröst. Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor við Háskólann á Bifröst, fór utan með þeim sem leiðbeinandi í Law Without Walls en hún hefur haft veg og vanda af þátttökunni fyrir hönd skólans.

### Sameiginlegt meistaranám í viðskiptalögfræði

Háskólinn á Bifröst hefur unnið með Århus Universitet og University College í Dublin að þróun sameiginlegs meistaranáms í viðskiptalögfræði á gundvelli Erasmus+ styrks sem skólarnir fengu. Dregist hefur að ljúka verkefningu formlega af ýmsum ástæðum. Þróun meistaranámsins í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst er hins vegar ákveðin afurð af þessu samstarfi.

## Lögreglunám

Háskólinn á Bifröst sóttist eftir því að annast lögreglunám á háskólastigi og tók þátt í útboði þar sem allir þeir íslensku háskólar tóku þátt sem bjóða uppá lögfræðinám. Háskólinn á Bifröst gagnrýndi framkvæmd útboðsins og taldi að skólanum hefði verið mismunað með ómálefnalegum hætti þar sem gerð var krafa um að skólinn hefði sérstaka viðurkenningu til kennslu í sálfræði. Af hálfu menntamálaráðuneytisins var lagt upp með að val skóla yrði á faglegum forsendum á grundvelli útboðs en á endanum var tekin pólitísk ákvörðun um að Háskólinn á Akureyri fengi þetta hlutverk. Hann hefur fulla getu til þess að mennta lögreglumenn með sómasamlegum hætti en sú ákvörðun að efna til útboðs og sjálf framkvæmdin var hins vegar ámælisverð að mati Háskólans á Bifröst.

## Uppfærsla faglegrar þekkingar

Helga Kristín Auðunsdóttir lektor og deildarforseti var í leyfi frá kennslu á árinu þar sem hún stundaði doktorsnám í lögfræði við Fordham háskóla í New York.

Í deildarráði á árinu 2016 sátu Unnar Steinn Bjarndal lektor, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir starfandi deildarforseti og Salvör Jónsdóttir, nemandi.

Starfandi forseti lagadeildar 2016 er Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir.

## Háskólagátt

Í lok árs 2014 var farið í gagngera endurskoðun allra námsáfanga sem í boði eru í Háskólagátt. Þeirri vinnu lauk vorið 2015. Kennt var í fyrsta skipti samkvæmt nýrri og endurskoðaðri námskrá skólaárið 2015-2016. Námskeiðin eru í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og útskrifast nemendur nú með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi samkvæmt ISQF (Icelandic Quality Framework).



Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 140 f-einingum samkvæmt núgildandi einingarkerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessara 140 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Nám í Háskólagátt er nú 62 f-einingar (framhaldsskóla einingar) en nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 77 f-einingum. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendur sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla.

Haustið 2015 hófust viðræður rektora HB og HÍ til að eyða óvissu um stöðu útskrifaðra nemenda úr Háskólagátt varðandi aðgang að námi í HÍ. Í bréfi frá rektor HÍ er afstaða HÍ til náms í Háskólagáttinni skýrð með formlegum hætti. Almennt gildir að hver deild innan HÍ hefur ákveðin viðmið um mat á námi umsækjanda án stúdentsprófs sem teknir eru inn á undanþágum. Sérstaklega er horft til þess hvort umsækjandi hafi lokið grunnnámskeiðum framhaldsskóla og hvort sama námskeið hafi verið tvítalið inn í einingafjölda. Með því að taka valáfanga á sumarönn í Háskólagátt opnast leiðir inn í félags- og mannvísindadeild, stjórn málafræðideild og sálfræðideild. Deildir Háskóla Íslands geta breytt undanþáguskilyrðum frá ári til árs og kemur þá slíkt fram á vef þeirra. Margar deildir Háskóla Íslands veita engar undanþágur frá stúdentsprófi.

Nám í Háskólagátt tekur tvær annir, haustönn og vorönn og er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn en nám á sumarönn er ekki lánshæft hjá LÍN.

## Símenntun

Fjölbreytt námskeið voru haldin á vegum Símenntunar Háskólans á Bifröst árið 2016. Sérniðin námskeið í leiðtogafræðum hafa verið sérstaklega vinsæl meðal félagasamtaka og fyrirtækja. Haldin voru fjögur slík námskeið á Bifröst einnig í fjölda annarra fyrir fyrirtæki víðsvegar um landið.

Símenntun og Háskólagátt voru sameinuð undir eitt svið 1. ágúst 2016, önnur menntastarfsemi. Eftir stefnumótun og áætlanagerð var ákveðið að setja á dagskrá námskeið sem hafa hlotið góða aðsókn auk námskeiða fyrir ferðaþjónustuna. Háskólinn á Bifröst kom að verkefninu Efling menntunar í matvælaíðnaði og ferðaþjónustu, sem unnið var á vegum SSV. Í kjölfar þeirrar vinnu var sett upp áætlun um námskeið samkvæmt þarfagreiningu innan ferðaþjónustunnar. Fella þurfti niður fyrstu tvö námskeiðin vegna ónógrar þátttöku. Vonir standa til að breyting verði þar á. Námskeið fyrir starfsþjálf

Í ferðapjónustu var haldið í fyrsta skipti en námskeiðið er afrakstur úr evrópska samstarfsverkefnum TTRAIN. Hugmyndafræði starfsþjálfna námsins er að nálgast verkefnið á skapandi hátt og nýta aðferðir fullorðinsfræðslu til að miðla þekkingu og um leið að efla starfsþjálfann sem og annað starfsfólk á vinnustaðnum. Að námi loknu eru starfsþjálfar sérhæfðir starfsmenn í ferðapjónustu sem geta tekið að sér þjálfun starfsmanna.



Fulltrúar frá VR óskuðu eftir að Háskólinn á Bifröst yrði í forystu um fagháskólanám fyrir starfsfólk í verslun- og þjónustu. Unnið hefur verið að endurskipulagi á uppbyggingu náms í verslunarstjórnun með tengingu við Háskólagátt og viðskiptadeild. Hæfnigrunnur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er notaður sem viðmið við uppbyggingu náms á fagháskólastigi en Háskólinn á Bifröst kom að gerð hæfnigrunnins.

## Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og fyrir hollvinasamtök Bifrastar. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen.

Samhliða skipulagsbreytingum við Háskólann á Bifröst heyrir rannsóknamiðstöð nú undir þróunar- og alþjóðasvið og við það hefur samstarf eflst á sviði alþjóðamála, símenntunar og þróunar nýrra námsleiða. Af innra starfi má nefna að á árinu voru mótaðar vísindasiðareglur en þeim er ætlað að tryggja betur gæði rannsóknastarfs við skólann og verða þær innleiddar á árinu 2017. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tók Háskólinn á Bifröst þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum héraðs háskóla og rannsóknastofnana. Á því sviði stóð rannsóknamiðstöð fyrir vinnustofu á Bifröst haustið 2016 í samstarfi við EARMA, félag rannsóknastjóra í Evrópu. Aðalfyrirlesari var Dr. Mirjam Siesling frá háskólanum í Tilburg í Hollandi sem fjallaði um stöðu hug- og félagsvísinda innan Horizon 2020 rannsóknaráætlunar Evrópusambandsins.

Af innlendum rannsóknaverkefnum var áframhaldandi vinna við markhópagreiningu fyrir íslenska ferðapjónustu fyrirferðamikil. Verkefnið er unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samstarfi við Íslandsstofu og Háskólann á Akureyri og verða niðurstöður kynntar snemmsumars 2017. Áfram var svo unnið að söfnun og greiningu gagna um gæði náms og kennslu við skólann. Slíkar kannanir gefa innsýn í þróun og gang skólustarfsins og eru miklivægur liður í gæðastarfi skólans.

Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróast og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla í Evrópu. Verkefnum á vegum uppbyggingarsjóðs EFTA hefur fækkað lítillega, þar sem styrkáætlun sjóðsins lauk á flestum sviðum árið 2016 og hefst ekki aftur fyrr en 2017-2018. Síðasta haust var hins vegar unnið að þróun samstarfs við ýmsa evrópska háskóla á sviði kennsluþróunar, og sótt hefur verið um fjármagn, m.a. til Erasmus Plus, til að tryggja því starfi brautargengi.

## Rannsóknasetur í menningarstjórnun

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum af ýmsum toga á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, og tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Fyrir fáeinum árum setti setrið upp vefsvæði þar sem birtar eru vísindagreinar, upplýsingar um lesefni tengt fræðasviði setursins, áhugaverðir tenglar um menningarmál og listi yfir lokaritgerðir í meistaranámi í menningarstjórnun.

Á árinu 2016 var auk rannsókna, unnið að þróun samstarfs við erlendar stofnanir á sviði menningarstjórnunar en af útgefnu efni má nefna grein Dr. Sigrúnar Lilju Einarsdóttur „*The role of choral singing in the lives of amateur choral singers in Iceland*” í tímaritinu *Music Education Research*. Umsjónarmenn setursins eru Dr. Njörður Sigurjónsson dósent og Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og stunda þau bæði rannsóknir tengdar setrinu, t.d. rannsóknir á menningarstefnu, menningarstjórnun og félagsfræði lista. Síðastliðinn vetur hefur Sigrún Lilja stundað rannsóknir sem gestafræðimaður við Oxford háskóla með styrk frá Marie Sklodowska-Curie áætlun ESB. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun, og tengjast rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

## Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Forstöðumaður Evrópufræðaseturs er Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst en hann hefur gegnt stöðu forstöðumanns allt frá stofnun setursins árið 2005. Auk þess að sinna rannsóknum á íslensku og evrópsku stjórn málaumhverfi hefur forstöðumaður tekið virkan þátt í umræðu um málefni líðandi stundar í innlendum og erlendum fjölmiðlum.

Árið hefur einkennst af þátttöku í tveimur viðamiklum alþjóðlegum rannsóknaráðstefnum, annars vegar á sviði popúlisma og þjóðernishyggju í stjórnmálum í Evrópu og hins vegar á sviði samsæriskenninga. Evrópufræðasetrið er þátttakandi í sitt hvoru Cost-verkefninu á vegum Evrópusambandsins um þessi efni auk margvíslegs annars rannsóknasamstarfs á fræðasviði setursins. Af útgáfum ársins má nefna nokkrar birtingar í alþjóðlegum fræðiútgáfum sem nánar má fræðast um á eirikurbergmann.com. En árið fór að öðru leyti að mestu í ritun bókarinnar *Nordic Nationalism and Right-Wing Populist Politics* sem Palgrave Macmillan gefur út.

## Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst

Rannsóknastofnun atvinnulífsins var stofnuð árið 2013 sem sjálfseignarstofnun á vegum Samtaka atvinnulífsins og Háskólans á Bifröst. Samtökin lögðu þá fé til starfseminnar en hún var ennfremur að hluta til fjármögnuð með styrkjum frá öðrum aðilum. Á vegum stofnunarinnar hafa verið unnin nokkur rannsóknaverkefni.

Á síðasta ári var einu verkefni lokið, Ísland 2060 sem fjallar um þær þjóðfélagsbreytingar sem búast má við þegar aldurssamsetning þjóðarinnar breytist og eldri borgarar verða hlutfallslega stærri hluti hennar. Einu verkefni er enn ólokið og óljóst með framhald þess. Ekki hefur verið ákveðið um framhald starfseminnar.

## Alþjóðamál

Starfsemi alþjóðasviðs (frá 1. ágúst 2016 þróunar- og alþjóðasvið) hefur aukist töluvert frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Alþjóðasvið lagði inn umsókn um Erasmus styrk fyrir samstarfsverkefni út fyrir Evrópu í byrjun árs. Á vormánuðum kom í ljós að umsókn okkar skákaði umsóknum annarra háskóla á landinu og fengum við hæstu styrkina í USA-umslaginu og í Afríku-umslaginu. Í kjölfarið hófst undirbúningsvinna að umsókn um stefnumiðuð samstarfsverkefni (e. Strategic Partnership).

Alþjóðlegi sumarskólinn var haldinn í fyrsta sinn eftir tveggja ára undirbúning. Ríflega 40 umsóknir bárust og fengum við 20 þátttakendur frá 10 löndum. Sumarskólinn, sem haldinn var í júlí á Bifröst, heppnaðist ákaflega vel og fékk skólinn háa einkunn frá þátttakendum í ánægju- og kennslukönnun.

Dr. Sherry Key Robinson frá Penn State University var valin af Fulbright Commission til að kenna við skólann á haustönn 2016. Heimsókn Dr. Robinson var ánægjuleg og lærdómsrík fyrir skólann.

Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu EAIE (European Association for International Education) í Liverpool í september. Þessi ráðstefna er helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og auglýsa alþjóðlega sumarskólann.

Þróun alþjóðlega sumarskólans hélt áfram á haustmánuðum og var ákveðið að kenna sama prógram á næsta ári með örlitlum breytingum. Alls höfðu sjö umsóknir borist í lok árs. Auglýst var eftir gestakennurum til að taka þátt í alþjóðlega sumarskólanum 2017 og voru auglýsingar sendar út til samstarfsskóla okkar í Evrópu í lok árs.

Erlendir skiptinemar á vorönn 2016 voru 41 talsins, 8 stunduðu nám á sumarönn og 30 komu til náms á haustönn. Þar af greiddu þrír erlendir nemendur skólagjöld. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinemum frá Kóreu, Singapore og Japan hefur einnig farið fjölgandi. Skiptinemar frá Bifröst sem stunduðu nám við samstarfsskóla voru 1 á vorönn en 16 á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 66 erlenda samstarfsskóla. Tveir nýir samningar voru gerðir á árinu.

Fimm kennarar og fjórir starfsmenn við skólann fengu Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á árinu 2016. Þýskur starfsnemi gekk til liðs við alþjóðaskrifstofuna á fyrri hluta ársins og tveir rúmenskir starfsmenn tóku við á vormánuðum og störfuðu á alþjóðaskrifstofunni fram í september. Aðstoð þeirra nýttist vel á meðan alþjóðlega sumarskólanum stóð.

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs er Dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir, sem jafnframt er staðgengill rektors.

## Náms- og starfsráðgjöf

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að þeir hafi tilskylda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita

persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá.

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

## Námskeið

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer aðallega fram í viðtölum en einnig í símaviðtölum, tölvupósti og námskeiðum.

Árið 2016 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun, markmiðssetningu, námstækni, lestrartækni, glósutækni og um prófundirbúning, próftöku og að takast á við prófkvíða kennd á vefnum sem og í hefðbundnu fyrirlestraformi á Bifröst. Einnig hélt Jóhanna Kristín Jónsdóttir fyrirlestur um sjálfstraust og vellíðan og sjálfsmynd og samskipti á Bifröst. Námskeið í ferilskrágerð og sjálfstraust og vellíðan var einnig haldið í húsakynnum skólans á Suðurlandsbraut.

## Framboð og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2016 var náms- og starfsráðgjafi með viðveru á Bifröst alla daga. Nemendur geta pantað tíma fyrirfram eða komið við og fengið viðtal ef ráðgjafi var laus þá stundina. Fjarnemar og staðnemar leita ráðgjafar en með mismunandi móti. Staðnemar koma oftast í viðtalstíma en fjarnemar fá oftast ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst eða Skype. Alls bárust 1361 nemendaerindi í tölvupósti á árinu og veitt voru 611 viðtöl.

Náms- og starfsráðgjafi skólans skólaárið 2016 var Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir í 100% stöðuhlutfalli.

## Bóka- og skjalasafn

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í safninu, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla.

Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl. 10 - 17 fyrri hluta ársins, en opnunartímanum var breytt síðari hluta ársins þannig að fyrir hádegi kl. 9.00 – 12.00 var safnið opið en án þjónustu, eftir hádegi kl. 13.00 – 16.00 var hins vegar veitt þjónusta s.s. útlán og millisafnalán o.fl. Á vinnuhelgum var safnið opið til kl. 18.00 á föstudögum og í tvær klukkustundir á laugardögum á vinnuhelgum í grunn- og meistaranámi.



Háskólinn á Bifröst varðveitir 1031 lokaverkefni í Skemmuni, sem er rafrænt varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi og bætist í hana jafnt og þétt.

Safnkynningar hafa verið haldnar í Háskólagátt og á nýnemadögum sem hafa gefist vel.



## Safnkostur

### Prentað efni

- Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn.
- Áfram var unnið að skráningu rita í Guðmundarsafni og í árslok 2016 var verkið langt komið, stefnt er að því að ljúka verkinu vorið 2017.
- Töluvert er til af óskráðu efni frá Samvinnuskólanum og er reynt að skrá það eftir því sem tækifæri gefast.

### Rafrænt efni

Nokkuð var dregið úr áskriftum að rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn Hvar?is býður upp á.

- Nú er keyptur aðgangur að:
  - JSTORcollection – Business og Art & Sciences
  - Karnov (grunnáskrift)
  - OECDi-library, gagnasafn
  - FonsJuris
  - Gagnasafni Morgunblaðsins
  - DV
  - Viðskiptablaðið
  - Lögbirtingarblaðið
  - Snara, veforðasafn

## Heimasíða

Á heimasíðunni eru upplýsingar um þjónustu við nemendur og rannsakendur. Upplýsingar um aðgengi að séráskriftum, mikilvægi VPN tengingar fyrir þá sem ekki eru á staðnum, leiðbeiningar um leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu, en þörf er á stöðugu eftirliti með að upplýsingar þar úreldist ekki og séu réttar.

## Samfélagsmiðlar

Fylgjendur bókasafnsins á fésbók telja í árslok 350, þar er miðlað upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu auk komu nýrra rita á síðunni. Fésbókarsíða bókasafnsins er mikið heimsótt og virðist ánægja með hana. Slóðin er: [www.facebook.com/bokasafnHB](http://www.facebook.com/bokasafnHB)

Bókasafnið skráir nýjar fræðibækur á vefinn LibraryThing.com, þegar þær berast því þar er hægt að sjá forsíður bóka og tengill á vef safnsins birtir þannig nýkomin rit á myndrænan hátt.

## Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis

- Verkefnastjórn Skemmunnar (PH)
- Háskólabókaverðir á Íslandi (PH)
- Upplýsingalæsis hópur háskólanna (PH)
- Verkefnastjórn opinna vísinda (PH)
- Háskólabókavörður sat í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnu um upplýsingalæsi (Creating Knowledge, CKVIII) sem haldin var í Reykjavík 2.-3. júní 2016.

## Skjalastjórnun

Skjalasafn Samvinnuskólans hefur verið flutt á skrifstofu háskólabókavarðar, sem sér um að útbúa skjalaskrá og afhendingu til Þjóðskjalasafns Íslands.

## Skjalakerfið OneCRM

Málalykill Háskólans á Bifröst sem er samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands er mikilvægur hlekkur í starfsemi skólans þar sem haldið er utanum gögn og skjöl sem viðkoma starfsemi skólans. Allt starfsfólk fær leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, en enn er þörf á eftirfylgni til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One og Microsoft skrifstofupakka.

Á árinu 2016 bættust 157 mál í kerfið. Frá upphafi (2013-2016) hafa 498 mál verið skráð í One kerfið. Í OneCRM eru varðveitt 10.100 skjöl og 4.900 tölvupóstar.

Umfang skjala í One kerfinu vex jafnt og þétt og huga þarf að því að loka málum sem búið er að afgreiða en það auðveldar notendum umgengni við kerfið að hafa ekki of mörg virk mál.

## Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2016 en þær breytingar urðu helst á sviðinu að samskiptastjóri tók við starfi markaðsstjóra þann 1. júlí. Á markaðssviði vinna nú samskiptastjóri og margmiðlunarhönnuður.

Að venju tók Háskólinn á Bifröst þátt í árlegu samstarfi háskólanna sem kallast Háskóladagurinn og var hann haldinn 5. mars 2016. Allir háskólar landsins taka þátt í sameiginlegum undirbúningi fyrir daginn þar sem námsframboð þeirra er kynnt.


Háskólinn á Bifröst hafði aðstöðu í Háskólanum í Reykjavík og tókst dagurinn með ágætum. Að honum loknum héldu nemendur í sameiginlega hringferð í framhaldsskóla um landið.

Opinn dagur á Bifröst var haldinn þann 5. maí 2016. Dagurinn er fastur og skemmtilegur liður í skólalastarfinu þar sem nemendur og kennarar háskólans taka á móti gestum og kynna fyrir þeim námsframboð og háskólaþorpið.

Yfir árið heimsóttu nokkrir framhaldsskólar háskólann og var vel tekið á móti hópunum af nemendum á staðnum sem kynntu þeim staðinn og námsframboð. Markaðssvið hefur átt í góðu samstarfi við nemendur í öllum kynningum Háskólans á Bifröst og er innlegg þeirra mikilvægt í kynningarstarfi háskólans.

Auglýst var í prentmiðlum, vefmiðlum, útvarpi, skjáauglýsingum, bíóauglýsingum og á Facebook. Mest var auglýst á tímabilinu apríl-júní og aftur í nóvember þegar kynnt var nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði samhliða öðru námi. Aukin áhersla var lögð á auglýsingar á Facebook í þeirri herferð. Birtingahúsið hélt utan um birtingaáætlun í samstarfi við Háskólann á Bifröst og markaðs- og auglýsingastofuna Manhattan Marketing.

Frá september til desember 2016 unnu samskiptastjóri og margmiðlunarhönnuður að vinnslu myndbanda með viðtölum við útskrifaða Bifrestinga í atvinnulífinu. Fjöldmörg myndbönd tengd öllum deildum háskólans urðu til úr þessari vinnu auk kynningarmyndbands um Háskólagátt, misserisverkefni og fleira úr skólalastarfinu.



Á árinu 2016 komu út átta fréttabréf og voru þau send á stóran hóp fólks, bæði útskrifaðra nemenda og áhrifafólks í samfélaginu. Þá var unnið að því markmiði að hafa Háskólann á Bifröst sem sýnilegastan með fréttum á vef og Facebook og einnig með því að vekja athygli fjölmiðla á háskólanum.

## Tölvuþjónusta

### Hugbúnaður

Hugbúnaður kemur áfram að mestu frá Microsoft þ.e.a.s. Officepakinn, frá Adobe þ.e.a.s. Adobe Pro. Advania sér um bókhaldskerfin sem áður, þó er sá hluti í endurskoðun þar sem þau kerfi eru orðin gömul og hafa ekki verið endurnýjuð í mörg ár. Sú endurskoðun er undir stjórn fjármálastjóra.

### Prentþjónusta

Nýherji þjónustar skólann með alla prentara fyrir nemendur og starfsfólk (rent-a-prent) eins og verið hefur. Þjónustan felur meðal annars í sér að notendur þurfa að auðkenna sig við prentara til þess að sækja útprentun. Allir notendur geta auðkennt við prentum sig með rafrænu starfsmanna-nemendaskírteinum. Með þessu náði skólinn nokkurri hagræðingu, auknu öryggi ásamt skilvirkni við útprentun skjala.

### Netumhverfi

Hafist var handa um að skipta út elstu netskiptum fyrir íbúðir nemenda og starfsmanna en það var nauðsynlegt til þess að hægt sé að setja upp þráðlausa senda á svæðinu. Jafnframt þeirri vinnu var byrjað á uppsetningu þráðlausra senda. Stefnt var að þessu verkefni lyki innan þriggja ára og er það á áætlun.

Undir lok ársins var eldveggur netkerfisins endurnýjaður og gefur hann mikla möguleika varðandi stjórnun á netumferð ásamt möguleikum á aukningu á flutningsgetu vegna aukinnar netnotkunar við t.d. kennslu til nánustu framtíðar og er fyrir séð að hann muni anna netumferð skólans næstu 5-6 árin og eftir þessa endurnýjun, er flutningsgeta ljósleiðarans orðin 10GB (var fyrir breytingu 1GB).

Eftir stækkun afritunarþjónsins árið 2015, jókst afritunargeta í 18TB. Það er nægjanlegt í dag og hugsanlega á næsta ári, en eftir mitt næsta ár, þá þarf að fara að huga að því að kaupa annan afritunarþjón með u.þ.b. 25TB geymslugetu og þá væri hægt að nota gamla þjóninn til að afrita gögn sem skipta minna máli, eða sem afritunarþjón sem geymir eldri afrit.

Sú stækkun á netþjónum sem farið var í árið 2015 hefur skilað sér í auknum möguleikum á að hýsa sýndarnetþjóna. Núverandi fjöldi sýndarnetþjóna er 18, sem þýðir að við höfum getað einangrað þær þjónustur sem skólinn er að veita, eins og skráarþjón, SQL-þjón, MySchool-vefþjón ofl. og keyrt eingöngu eina þjónustu á hverjum netþjóni. Það gerir okkur kleift að þjónusta og uppfæra þjónana sjaldnar og binda uppfærslurnar við þær aðalþjónustur sem keyra á þeim hverjum fyrir sig.

Seinnipart ársins 2017 eða snemma á árinu 2018, þarf að uppfæra þá tvo netþjóna sem eru að keyra alla netþjóna skólans í sýndarumhverfi. Æskilegt er að leita tilboða í tvo nákvæmlega eins netþjóna, þar sem þeir þurfa að vinna saman, eins og þeir tveir netþjónar sem við erum að nota í dag og eru orðnir sex ára gamlir.

Að mestu hefur verið lokið við að skipta út netbeinum (switchum) í íbúðum nemenda. Ekki náðist þó að klára það að fullu árið 2016 eins og stefnt var að, en sumarið 2017 verður nýtt í að skipta út þeim netbeinum sem eftir er.

Samhliða því, var skipt út þráðlausum sendum í skólabyggingum og settir nýir og hraðvirkari sendar, sökum aukins álags á þráðlausu netið. Sú áætlun að skipta þeim að mestu út árið 2016 hefur gengið eftir, þ.e.a.s. þeir staðir þar sem mesta álagið er hafa fengið andlitslyftingu hvað varðar sendana.

Vegna ítrekaðra rafmagnstruflana undanfarna vetur, þá höfum við lent í vandræðum við að halda kerfinu uppi, þrátt fyrir varaafli á rafgeymum og stillingar netþjóna jafnvel farið forgörðum því var ákveðið að kanna hvað það kostar að setja upp litla díesel rafstöð sem myndi anna því að halda netþjónum og einhverjum þráðlausum sendum gangandi og tengdum við umheiminn jafnvel þótt rafmagnslaust yrði.

Komið hefur í ljós við nánari skoðun, að besti kosturinn er að kaupa vararafhlöður, sem myndu geta keyrt þær þjónustur sem nauðsynlegar eru til að reka kerfið (MySchool og pósthjónustu ofl.) í 4-5 klukkutíma. Sá tími ætti að duga í flestum tilfellum, til að dekkja skammtíma rafmagnsleysi og gert netstjóra tækifæri til þess að komast á staðinn og keyra niður kerfið ef séð er fram á lengra straumleysi. Beðið er eftir verðtilboði frá Nýherja.

## Kennslukerfi

Háskólinn nýtir hugbúnaðinn Myschool-námsnet við utanumhald um kennslu- og nemendaskrá skólans. Helstu undirkerfi Myschool-námsnet eru umsóknarkerfi, nemendabókhald, kennslukerfi, ferilskráarkerfi og endurmenntunarkerfi. Kerfið sem tekið var í notkun kennsluárið 2011-12 hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að þörfum skólans. Allar kerfiseiningar eru áfram vistaðar og afritaðar á sýndarnetþjónum háskólans.

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn eMission hugbúnað frá Nepal hugbúnaði ehf. Hugbúnaðurinn er aðlagður að kennslukerfi og allir notendur saminnskráðir öðrum kerfum. (Unified login). Allt efni er vistað og afritað á netþjónum Nepal hugbúnaðar. Aðrar lausnir upptöku í notkun eru Camtasia Studio og Skype For Business.

Exam4 er nú notað í meirihluta lokaprófa. Kerfið gerir tölvudeild kleyft að stýra notkun á tölvum nemenda í hluta- sem lokaprófum. Í prófum takmarkar hugbúnaðurinn aðgengi nemenda að eigin gögnum og interneti eftir forskrift kennara. Kerfið hefur nýst afburðavel við próftöku á öllum sviðum skólans. Með notkun er nemendum tryggt staðlað og öruggt umhverfi til prófatöku.

Háskólinn notar áfram Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildarnotkun. Skólinn tók á árinu við forystuhlutverki við umsýslu sameiginlegs kerfisaðgangs allra háskólanna á Íslandi að Turnitin. Skólinn mun áfram stuðla að farsælli samvinnu og auknu samstarfi skólanna á þessum vettvangi.

## Bett 2016

Tölvudeildin sótti ráðstefnuna BETT 2016 í London sem er stærsta mennta/tæknisýning Evrópu og Campus Technology 2016 ráðstefnan í Boston. Framþróun á sviði gervigreindar kennslukerfa, miðlunartækni kennsluefnis sem tæknibúnaðar kennslurýma bar þar hæst. Breytt form miðlunar í sýndarveruleika og ör þróun á rafrænu vinnuumhverfi mun einkenna þróun deildarinnar næstu ár. Að auki sótti deildin ýmsar upplýsingatækniráðstefnur innanlands og fjölda kynninga tæknibyrnja.

## Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Ný stjórn nemendafélagsins tók til starfa í mars 2016 og hana skipuðu:

Formaður: Ellen Ósk Eiríksdóttir

Varaformaður: Ragnheiður Smáradóttir

Gjaldkeri: Snorri Guðmundsson

Upplýsinga- og kynningafulltrúi: Sólrún Ólafsdóttir, síðar Anna Rún Austmar Steinarsdóttir

Hagsmunafulltrúi: Haraldur Líndal Haraldsson

Skemmtanafulltrúi: Erna Hlín Einarsdóttir

Fulltrúi nýnema: Eva Björk Ernudóttir, síðar Brynjar Smári Alfreðsson

Fulltrúi fjarnema: María Dís Sigurjónsdóttir, síðar Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir

Starfsár nýrrar stjórnar hófst í mars eftir frábæra árshátíð nemendafélagsins sem haldin var á Hótel Borgarnesi. Gettu Bifröst var á sínum stað þar sem að viðskiptafræðinemar og meistaranemar mættust í úrslitum. Mættu fjölmargir til þess að styðja sitt lið og fór svo að viðskiptafræðin fór með sigur af hólmi. Fjölmargar smærri skemmtanir voru svo haldnar inn á milli svo sem pubQuiz, karaóki kvöld, spilakvöld og beer pong. Hinir reglulegu stórvíðburðir Sápultinn, Nýnemaballið, Biftóberfest og Halloween voru allir haldnir við góðar undirtektir og heppnuðust þeir allir frábærlega. Sjéntilmannaklúbburinn á Bifröst stóð svo fyrir sinni árlegu sumarhátíð í ágúst með stuðningi nemendafélagsins. Tímamót urðu í sögu félagsins þegar félaginu var úthlutað Helvíti 5 undir starfsemi stúdentakjallara, fóru þar fram margar af minni skemmtunum. Rétt fyrir starfslok þessarar stjórnar fengum við svo afhent stærra rými, lðavelli, sem áður hýsti leikherbergið. Starfsári stjórnarinnar lauk svo með glæsilegri árshátíð í mars 2017 sem haldin var á Hótel Bifröst.



Árlegum styrkjum úr félagsmálasjóði var úthlutað til félaga og klúbba innan skólans. Styrkjunum var bæði úthlutað á vorönn og haustönn.

Virk félög og klúbbar árið 2016 voru Sjéntilmannaklúbburinn, konuklúbburinn Andrómedur, Ljósmyndafélagið, FIFA klúbburinn, körfuknattleiksfélagið Bibba Basket og Crossfit Bifröst.

## Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans.

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin er með heimasíðu sem var aukin og endurbætt á árinu 2016. Er hún miklum mun aðgengilegri og skilvirkari en sú sem fyrir var. Þá eru samtökin með virka Facebook-síðu

þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo er hægt að senda inn fyrirspurnir og gefa góð ráð. Samvinnan er með öðrum orðum allsráðandi á milli Bifrestinga inni á þessari síðu.

Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins er viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu, sem skipt verður niður í hæfilega verkþætti sem fjáröflun sjóðsins ræður við hverju sinni, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.



Á árunum 2015 og 2016 náðist að safna talsverðu fé í sjóðinn og var ákveðið að ráðast í fyrsta áfanga í viðhaldi á elsta skólahúsinu á árinu 2016. Skipt var um gler og gluggalista í matsal og hátíðarsal skólans og gluggarnir málaðir. Þá voru einnig gerðar endurbætur á glugga á suðurhlið Skakka þannig að vatnsleki sem verið hefur undanfarin ár niður í Kringlu var stöðvaður. Á fyrrihluta árs 2017 verður listaverkið Lífsorkan sandblásin og máluð og ný undirstaða steipt undir hana og er áformað að því verki ljúki í maí. Mun Hollvinasjóður Bifrastar greiða kostnað við það.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Óli H. Þórðarson formaður  
Þorvaldur T. Jónsson ritari  
Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Varafultrúar:

Hallur Jónasson  
Finnbjörn Börkur Ólafsson

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl. Í júní 2015 var efnt til endurfunda Bifrestinga í Reykjavík og mættu þar á þriðja hundrað útskrifaðra Bifrestinga. Er þetta einn liður í þeirri viðleitni að viðhalda tengslum milli eldri og yngri nemenda skólans og er áformað að þetta verði árlegur viðburður í starfi samtakanna.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir einstaklingar á árinu 2016:

Aðalfulltrúar:

Hallur Jónasson formaður  
Sigtryggur Arnþórsson varaformaður  
Bryndís Bessadóttir ritari  
Jóna Dóra Ásgeirsdóttir gjaldkeri  
Aðalsteinn Egill Traustason meðstjórnandi  
Ellen Ósk Eiríksdóttir, tilnefnd af nemandafélagi Háskólans á Bifröst  
Þórir Páll Guðjónsson, tilnefndur af rektor Háskólans á Bifröst

Varafultrúar:

Böðvar Sigurbjörnsson  
Arnar Snær Pétursson

## Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2016 námu 796,2 milljónum kr. (m.kr.). Samningsgreiðslur frá ríki námu 383,7 m.kr. en aðrar tekjur 412,5 m.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig framlagi til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem var gerður í upphafi árs 2012. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 346,1 m.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis og þjónustu við nemendagarða. Rekstrargjöld skólans á árinu 2016 námu 779,8 m.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 581,3 m.kr. eða um 71% af rekstrargjöldum. Húsnæðiskostnaður nam 55,8 m.kr., rekstur tölvukerfa 25,6 m.kr., skrifstofu- og kennslukostnaður 39,5 m.kr., kynningarmál 41,2 m.kr., og niðurfærsla krafna 3,3 m.kr. Annar kostnaður var 33,0 m.kr. Afskriftir voru 21,0 m.kr. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 44,9 m.kr. Tap ársins nam 49,5 m.kr.

## Ársreikningur 2016

### Ársreikningur 2016

Allar tölur í milljónum króna

Rekstrarreikningur	2016	2015	2014	2013
Rekstrartekjur .....	796,2	831,7	845,3	788,1
Rekstrargjöld .....	779,8	824,1	940,6	738,0
<b>Rekstrarafgangur (-tap) .....</b>	<b>16,4</b>	<b>7,6</b>	<b>( 95,3)</b>	<b>50,1</b>
Afskriftir .....	21,0	20,2	20,8	19,7
Fjármagnsliðir .....	44,9	42,3	34,8	29,9
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>( 49,5)</b>	<b>( 54,9)</b>	<b>( 150,9)</b>	<b>0,5</b>
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir .....	386,3	398,7	385,0	392,4
Veltufjármunir .....	99,3	107,2	112,2	136,0
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>485,6</b>	<b>505,9</b>	<b>497,5</b>	<b>528,3</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé .....	( 204,0)	( 154,9)	( 80,1)	82,4
Langtímaskuldir .....	377,9	385,7	291,5	311,4
Skammtímaskuldir .....	312,1	275,2	286,2	134,6
<b>Eigið fé og skuldir samtals .....</b>	<b>485,6</b>	<b>505,9</b>	<b>497,5</b>	<b>528,3</b>

## Tölulegar upplýsingar 2016

Úrvinnsla tölfraeði skólans er í umsjón kennslusviðs, fjöldatölur sem birtar eru hér eru samtölur fyrir almanaksárið 2016, sjá má skiptingu eftir önnum á vef skólans.

### Heildarfjöldi nemenda 2016, aldur, kyn, deildir, búseta


Flestir nemendur í háskólanámi eru sem fyrr í viðskiptadeild. Konur eru í meirihluta nemenda í skólanum, 66% nemenda. Meðalaldur nemenda við skólann hefur lækkað lítillega og er nú 34 ár í stað 36 ár árið 2015.

### Fjöldi nemenda eftir deildum 2016

	kk	kvk	kk%	kvk%	aldur	Útskrifaðir			Innritaðir			
						kk	kvk		kk	kvk		
Viðskiptadeild	437	149	288	34%	66%	34	90	20	70	232	82	150
Félagsvísindadeild	114	35	79	31%	69%	36	32	12	20	36	14	22
Lagadeild	97	40	57	41%	59%	35	22	9	13	33	13	20
Opið nám	26	4	22	15%	85%	33	Á ekki við			29	5	24
Alþjóðlegur sumarskóli	19	8	11	42%	58%	23	19	8	11	22	11	11
<b>Samtals í háskólanámi</b>	<b>693</b>	<b>236</b>	<b>457</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>	<b>34</b>	<b>163</b>	<b>49</b>	<b>114</b>	<b>352</b>	<b>125</b>	<b>227</b>
Háskólagátt	160	61	99	38%	62%	32	57	22	35	80	26	54
Símenntun	48	10	38	21%	79%	38	34	4	30	45	6	39
<b>Samtals</b>	<b>901</b>	<b>307</b>	<b>594</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>	<b>34</b>	<b>254</b>	<b>75</b>	<b>179</b>	<b>477</b>	<b>157</b>	<b>320</b>


\*Auk námskeiða hjá Símenntun sóttu allt 320 einstaklingar sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og félag.

### Nemendur eftir deildum 2016







### Meðalaldur nemenda eftir námsstigum 2016



### Nemendur eftir námsstigum 2016



### Kynjaskipting allra nemenda 2016



### Nemendur í Háskólagátt 2016

		kk	kvk	kk%	kvk%	meðalaldur
Fjarnám	137	45	92	33%	67%	32
Staðnám	23	16	7	70%	30%	28
	<b>160</b>	<b>61</b>	<b>99</b>	<b>38%</b>	<b>62%</b>	<b>32</b>

## Nemendur eftir fagsviðum 2016 – grunnnám og meistaranám


Fagsvið	kk	kvk	kk%	kvk%	Útskrifaðir			Innritaðir			
					kk	kvk		kk	kvk		
<b>Viðskiptadeild</b>											
Grunnnám	260	104	156	40%	60%	34	8	26	127	53	74
Meistaránám	177	45	132	25%	75%	56	12	44	105	29	76
<b>Samtals</b>	<b>437</b>	<b>149</b>	<b>288</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>	<b>90</b>	<b>20</b>	<b>70</b>	<b>232</b>	<b>82</b>	<b>150</b>
<b>Lagadeild</b>											
Grunnnám	79	30	49	38%	62%	14	5	9	28	10	18
Meistaránám	18	10	8	56%	44%	8	4	4	5	3	2
<b>Samtals</b>	<b>97</b>	<b>40</b>	<b>57</b>	<b>41%</b>	<b>59%</b>	<b>22</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>33</b>	<b>13</b>	<b>20</b>
<b>Félagsvísindadeild</b>											
Grunnnám	68	31	37	46%	54%	13	6	7	25	13	12
Meistaránám	46	4	42	9%	91%	19	6	13	11	1	10
<b>Samtals</b>	<b>114</b>	<b>35</b>	<b>79</b>	<b>31%</b>	<b>69%</b>	<b>32</b>	<b>12</b>	<b>20</b>	<b>36</b>	<b>14</b>	<b>22</b>
<b>Háskólagátt</b>	<b>160</b>	<b>61</b>	<b>99</b>	<b>38%</b>	<b>62%</b>	<b>57</b>	<b>22</b>	<b>35</b>	<b>80</b>	<b>26</b>	<b>54</b>
<b>Símenntun</b>	<b>48</b>	<b>10</b>	<b>38</b>	<b>21%</b>	<b>79%</b>	<b>34</b>	<b>4</b>	<b>30</b>	<b>45</b>	<b>6</b>	<b>39</b>
<b>Alþjóðlegur sumarskóli</b>	<b>19</b>	<b>8</b>	<b>11</b>	<b>42%</b>	<b>58%</b>	<b>19</b>	<b>8</b>	<b>11</b>	<b>22</b>	<b>11</b>	<b>11</b>
<b>Opið nám</b>	<b>26</b>	<b>4</b>	<b>22</b>	<b>15%</b>	<b>85%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>29</b>	<b>5</b>	<b>24</b>
<b>Samtals</b>	<b>901</b>	<b>307</b>	<b>594</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>	<b>254</b>	<b>75</b>	<b>179</b>	<b>477</b>	<b>157</b>	<b>320</b>

## Nemendur í símenntun árið 2016


	kk	kvk	kk%	kvk%	
Máttur kvenna	23	0	23	0%	100%
Nám í verslunarstjórnun	25	10	15	40%	60%
<b>Samtals</b>	<b>48</b>	<b>10</b>	<b>38</b>	<b>21%</b>	<b>79%</b>

\* Auk þess voru sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki og félög. Fjöldinn sem sótti slík námskeið er 320.

## Útskrifaðir nemendur á háskólastigi 2016



## Útskrifaðir nemendur úr Háskólagátt og símenntun 2016



## Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2016-2017 (september)

		kk	kvk	kk%	kvk%
Nemendur í Háskólagátt	96	49	47	51%	49%
Nemendur í Símenntun	5	3	2	60%	40%
Nemendur á háskólastigi	481	179	302	37%	63%
<b>Nemendur alls í námi</b>	<b>582</b>	<b>231</b>	<b>351</b>	<b>40%</b>	<b>60%</b>

## Starfsfólk

Í árslok 2016 voru 47 starfsmenn við störf við Háskólann á Bifröst. Á árinu 2016 störfuðu 52 stundakennarar við skólann, þar af voru konur 21 eða 41%.

	kk	kvk	% kk	% kvk
Háskólaskrifstofa	17	7	41%	59%
Viðhald, ræsting og öryggisvarsla	5	2	40%	60%
Fastráðnir akademískir starfsmenn	20	16	80%	20%
Önnur menntastarfsemi	2	1	50%	50%
Þróunar- og alþjóðasvið	3	2	67%	33%
<b>Samtals</b>	<b>47</b>	<b>28</b>	<b>60%</b>	<b>40%</b>

## Hlutfall kynja í stjórn skólans, fulltrúaráði og háskólaráði 2016

	kk	kvk	% kk	% kvk
Stjórn skólans 2016 (frá aðalfundi í maí)	5	3	60%	40%
Fulltrúaráð 2016 (frá aðalfundi í maí)	15	6	40%	60%
Háskólaráð 2015 – 2016	12	8	67%	33%
Háskólaráð 2016 – 2017	12	6	50%	50%